

Ný tegund ferðamannaíðnaðar.

**Blindir, sjónskertir og aldraðir ferðamenn
heimsækja Akureyri.**

Miðlun og menning

1995.

Skýrsla þessi er unnin fyrir Atvinnumálanefnd Akureyrar. Hefur hún verið unnin á tímabilinu frá því í maí til 26. nóvember 1995. Víða hefur verið leitað fanga, þó fyrst og fremst í Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Þýskalandi og í Svíþjóð. Einnig var leitað eftir upplýsingum í Belgíu og í Kanada. Þess má geta að í þessu sambandi hefur verið haft samband við um 120 einstaklinga og 17 fyrirtæki og stofnanir. Startíð hefur gengið nokkuð vel þó að það hafi farið seinna af stað en áætlað var. Fyrirtæki og stofnanir á Akureyri hafa sýnt þessu verkefni mikinn áhuga og veitt alla þá aðstoð sem farið hefur verið fram á. Þessi skýrsla sem hér birtist er lokaskýrsla og er hún eign Akureyrarbæjar. Þess er þó vænst að samband verði haft við höfund skýrslunnar verði hún kynnt fjölmiðlum.

Staðan í dag 1995.

Þegar atvinnumál landsmanna koma til tals er ekki ósjaldan bent á að meðal framtíðar atvinnugreina sé hinn svo kallaði ferðamannaíðnaður. Mikill vöxtur hefur verið í þessari grein undanfarin ár og tekjur af ferðamönnum skipta orðið þjóðarþvíð verulegu máli. Árið 1994 skilaði íslensk ferðaþjónusta um 260 milljónum dollara í gjaldeyristekjur eða um 17 milljörðum króna. Þetta er um 12 % af gjaldeyristekjum landsmanna. Á fyrri helmingi þessa árs hafa tekjur aukist um 25 % og er því spáð að þær verði um 300 milljónir dollara á árinu eða að jafnvirði hátt í 20 milljarða króna. Ferðaiðnaðurinn er því kominn næst sjávarútvegi hvað varðar öflun gjaldeyris fyrir þjóðarþvíð. Ferðamálastjóri hefur bent á að Íslendingar hafi náð því marki að gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu nemi meira en 1.000 dollurum á hvern landsmann. Ferðaþjónustan er því ein af hornsteinum íslensks efnahagslífs. Þess má geta að Efnahags- og þróunarstofnunin O.E.C.D. telur að ferðaþjónusta verði helsta vopnið í baráttunni gegn atvinnuleysi í framtíðinni. Ferðamálaráð Íslands hefur sett það markmið að fjölgun erlendra ferðamanna verði 6 % á ári til ársins 2000. Fjölgun starfa í ferðaþjónustu verði til aldamóta 2.200. Í ferðaþjónustunni verði því um 8.200 ársverk árið 2000. Ferðaþjónustan skapaði þá um 25 % áætlaðra nauðsynlegra nýrra atvinnutækifæra til aldamóta. Þannig að fjórði hver nýr aðili á vinnumarkaði fengi vinnu við ferðaþjónustu. Það er því ljóst að það er eftir miklu að slægjast í þessum efnum, bæði fyrir fyrirtæki og sveitartélög. Sé rétt að málum staðið er því einn af vaxtarbroddum íslensks efnahagslífs og mögulega sá arðvænlegasti innan ferðageirans.

Blikur á lofti.

Þrátt fyrir að ferðaiðnaðurinn bjóði upp á mikla möguleika eru nokkrar blikur á lofti. Aðilar innan banka og fjárfestingafélaga hafa bent á að hagsmunasamtök í ferðapjónustu einblíni á tölur um fjölda ferðamanna og þess háttar upplýsingar en hafi lítinn áhuga á hagnaði og arðsemi í greininni. Þessi gagnrýni á nokkuð rétt á sér. Helsti vandi atvinnugreinarinnar hér á Íslandi er fyrst og fremst sá hvað ferðamannatíminn er stuttur. Nýting mannvirkja er því slæm og atvinnuöryggi ekki nægjanlegt. Fjármagnskostnaður hefur verið mikill enda gjaldþrot tíð í þessari atvinnugrein. Þá er það áhyggjuefni að margir af helstu ferðamannastöðum landsins eru orðnir illa farnir vegna átrodninga. Fullyrða má að horfur um fjölgun ferðamanna séu góðar en búast verður við mjög aukinni samkeppni í atvinnugreininni. Þá er það áhyggjuefni að eyðsla erlendra ferðamanna hefur dregist nokkuð saman undanfarin 2 ár. Kjarni málsins er því að lengja ferðamannatímabilið eftir því sem hægt er og auka og bæta afþreyingu og þjónustuna við erlenda ferðamenn á öðrum tímum en í júní, júlí og ágúst.

Akurevri.

Akureyri hefur lengi verið einn af helstu ferðamannastöðum Íslands. Stutt er til margra af mestu náttúruverjum landsins. Í bænum eru góð hótél og fjölbreytt þjónusta við ferðamenn. Staðan á Akureyri í dag er svipuð og annarsstaðar á landsbyggðinni. Mikil uppbygging hefur orðið innan ferðageirans á Akureyri á síðari árum. Á sama tíma hefur orðið töluverður samdráttur í atvinnulífi bæjarins. Í því sambandi mætti nefna fækkun iðnfyrirtækja og ýmissa þjónustufyrirtækja. Þó hefur undanfarin ár verið nokkur kreppa ríkjandi í íslensku efnahagslífi og atvinnuleysi orðið viðvarandi hér á landi. Þjónusta við ferðamenn hefur stóraukist víðast hvar á landinu, samkeppnin hefur því hardnað. Þá er rétt að benda á að styttri ferðir til útlanda eða svo kallaðar helgarferðir hafa stóraukist. Þessar helgarferðir hafa dregið all verulega úr ferðalögum Íslendinga í eigin landi yfir haust- og vetrartímam. Þá hafa kröfur ferðamanna um bætta þjónustu aukist stórlega. Vandi fyrirtækja í ferðapjónustu á Akureyri er því svipaður og annarsstaðar á landinu - ferðamannatíminn er allt of stuttur - heildarnýting húsnæðis, tækja og mannafla er allt of lítil á ársgrundvelli. Nýtingin þó nokkuð skárrí á Akureyri en annarsstaðar á landsbyggðinni. Segja má að gróflega sé hún 12 - 15 % betri, en hún er hinsvegar um 10 % lakari en í Reykjavík. Á Akureyri eru starfrækt fjögur hótél: KEA, Harpa, Norðurland og Óðal með samtals 143 herbergi. Einnig eru starfrækt nokkur gistiheimili og hótélbúðir, líklegast er þarna um 50 herbergi að ræða. Yfir sumartímam er framboð á gistingu tölvert meira og munar þá mest um Hótél Eddu og Hörpu, en þessi hótél hafa

yfir að ráða samtals um 128 herbergjum. Á sumrin eru einnig starfrækt nokkur gistiheimili á Akureyri. Gróflega má því segja að yfir sumartímamann séu í boði á Akureyri um 350 herbergi, en aðra tíma ársins tæplega 200 herbergi. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur á nýtingu hótélanna á Akureyri fyrir síðastliðið sumar þ.e.a.s. júní, júlí og ágúst. Þó má ætla að hún hafi verið á bilinu 70 til 80 %. Aðra mánuði ársins er hún líklegast ekki meiri en um 30 %. Á Akureyri eru 19 til 20 skemmti- og veitingastaðir sem geta tekið á móti 12 til 1500 gestum. Ljóst er að þessir staðir eru verulega vannýttir stærstan hluta ársins. Fyrir utan Reykjavík er því hvergi meira framboð af gisti og veitingastöðum, auk annarra fyrirtækja sem þjónusta ferðamenn. Það er hins vegar athyglisvert að sú lenging ferðamannatímans sem rætt er um hefur ekki skilað sér nema að örlitlu leiti til Akureyrar. Þessi lenging ferðamannatímans hefur sem sagt fyrst og fremst orðið á höfuðborgarsvæðinu. Það er því mjög brýnt að lengja ferðamannatímamann á Akureyri eftir föngum. Til að byrja með væri raunhæft að leggja höfuðáhersluna á maí, september og tvær vikur af október.

Aðferðir til árangurs.

Að kynna og markaðssetja nýja áfangastaði er ákaflega dýrt, sem kunnugt er. Missulega er eins og áður hefur komið fram auðvelt að fá hingað erlenda ferðamenn yfir hásumarið, enda hefur hreinleiki og fegurð sienskrar náttúru verið vel kynnt á undanförunum árum. Staðan er allt annur að hausti til eða um vetur eilegar snemma vors, en um hásumarið þegar sólin skín allan sólarhringinn. Þegar líða fer á haustið gerast veður valind og dagarnir stytast. Ekki er hægt að treysta veðrinu á vorin, frekar en aðra tíma ársins. Hin svokölluðu vorhret eru býsna algeng. Það er því fyrst og fremst hin óblíða náttúra sem setur strik í reikninginn þegar fá á hingað erlenda ferðamenn utan hins venjulega ferðamannatíma. Ef hins vegar er athugað gaumgæfilega hvað hægt er að gera þrátt fyrir erfitt veðurfar, þá kemur í ljós að ýmsir möguleikar eru fyrir hendi. Akureyri hefur upp á flest það að bjóða sem stærri borgir í nágrennalöndunum geta boðið. Stutt er til áhugaverðra staða í nágrenni Akureyrar. Hægt er að bjóða upp á ýmsa afþreyingu þótt vetur sé genginn í garð. Þrátt fyrir allt eru veður oft fádæma góð á Akureyri á haustin og vorin. Fyrir marga útlendinga er hraustlegt veðurfar ákveðin náttúruupplifun. Þegar slæm veður geysa verður að endurskipuleggja dagskránnu. Í staðinn fyrir útreiðatúra verður að fara í velsleðaferð. Í staðinn fyrir sjóstangaveiði verður að fara í sundlaugarnar. Fyrir vikið verður ferðalagið til Íslands óvenjulegt og ólíkt öðrum ferðalögum. Það getur verið spennandi upplifun fyrir stórborgar búann að vera á valdi náttúruaflanna. Kjarni málsins er að það verður að kynna ferðafólkinu eins vel og unnt er að

dagskráin er háð veðri og vindum. Mikilvægt er að allt sé tekið með í reikninginn. að ekkert komi þeim sem sjá um að hafa ofan fyrir hinum erlendu ferðamönnum á óvart. Að stöðugt sé einhver afþreying í boði, sama hvernig veðrið lætur. Þá er nauðsynlegt að tryggja allar samgöngur eins vel og unnt er. Senda frekar ferðamennina af stað með áætlunarbifreið en að bíða í óvissu hvort hægt sé að fljúga. Áríðandi er að ferðamenn geti haldið heim á leið þann dag sem þeir hafa ákveðið. Ferðatafir skapa slæmar minningar og geta eyðilagt að einhverju leiti annars skemmtilegt ferðalag. Frumatriðið er þó í þessum efnum að geta boðið upp á áhugaverða afþreyingu. Erlendir ferðamenn koma ekki til Íslands utan hins venjulega ferðamannatíma til að dvelja á hóteli þó gott sé. eða skoða bæ norður við heimskautsbaug, þó fallegur sé. Það verður að vera hægt að bjóða upp á spennandi og óvenjulega afþreyingu, sem flestir geta tekið þátt í. ungir sem aldnir og í einhverju mæli fatlaðir. Allt annað er til staðar á Akureyri. Góð hótél og veitingahús auk annarra þjónustufyrirtækja, góðar samgöngur og vel menntað starfsfólk. Höfuð áherslan verður því að skapa áhugaverða afþreyingu. Dýrasti þátturinn er svo að markaðssetja það sem í boði er. Akureyri og þá þjónustu og afþreyingu sem þar er boðið upp á. Varla er hægt að gera það að neinu ráði á hinum almenna markaði. Ódýrasta og hagkvæmasta leiðin er að finna sérstakan afmarkaðan markhóp sem auðvelt er að nálgast og skapa afþreyingu sem hentar og höfðar til þess markhóps sem orðið hefur fyrir valiinu.

Góðir gestir.

Því minni sem markhópurinn er og sérhæfðari er auðveldara að nálgast hann. Þegar valinn er markhópur sem höfða skal til er nauðsynlegt að kanna eins vel og unnt er hvort sá staður sem kynna á. í þessu tilviki Akureyri henti þessum hópi. Hvort sú afþreying sem bjóða á sé líkleg til að höfða til markhópsins. Þá er vitaskuld mikilvægt að markhópurinn sé af réttri stærð. hvorki of fámennur né of fjölmennur. Ég hef því gert að tillögu minni að blindu og sjónskertu fólki verði gefinn kostur á að heimsækja Akureyri. Þessi hópur er hæfilega stór. Blindir og sjónskertir eru um það bil 2 % hvernar þjóðar hér á vesturlöndum, verulega sjónskertir eða þeir sem þarfnast einhvern aðstoðar eru þó mun fleiri, sen dæmi má nefna að blindir og sjónskertir í Bretlandi eru um 1.6 miljónir. En hvers vegna blindir og sjónskertir ? hér skulu sex atriði nefnd:

1. Samtök blindra og sjónskertra eru nær undantekningalaust öflug í nágrennalöndum okkar. Það er því auðvelt að nálgast þessa aðila og koma upplýsingum til þeirra.

2.

Blindir og sjónskertir ferðast yfirleitt með aðstoðarfólki sem hefur fulla sjón, en þrátt fyrir það þarf þetta fólk mikla þjónustu, mun meiri þjónusta en ferðafólk almennt. Þó er auðvelt að veita þessu fólk þjónustu og sérþarfir þess eru ekki flóknar.

3.

Blindir og sjónskertir hafa ekki síður ánægju af að kynnst íslenskri náttúru að vori til eða hausti en yfir hásumarið. Skynjun þeirra er öðruvísi en fullsjáandi fólks og að sumu leiti dýpri. Blindur eða sjónskertur maður skynjar t.d. veðrið á annan hátt og hann kannar hlutina með höndunum og ýmis hljóð t.d. í náttúrunni skipta hann meira máli.

4.

Það tekur blindt og sjónskert fólk lengri tíma að kynnst nánasta umhverfi sínu en sjáandi fólk og það fer hægar yfir. Það hentar því blindum og sjónskertum betur að dveljast allan tímann á sama hótelinu, heldur en að ferðast á milli fleiri hótela. Því gefst tækifæri á að kynnst innviðum hótelsins og nánasta umhverfi þess. Það getur því að einhverju leiti farið sinna ferða án nokkurrar aðstoðar. Blindir og sjónskertir þurfa því t.d. að dveljast fimm daga á sama áfangastað sem ferðamenn með fulla sjón myndu telja þrjá daga nægjanlegan tíma.

5.

Góð þjónusta við fatlaða vekur jafnan eftirtekt. Ef Akureyrarbær sérhæfði sig í að taka á mót blindum og sjónskertum ferðamönnum myndi það vekja töluverða athygli innan ferðageirans, á meðal stjórnmalamanna og þeirra félaga og stofnanna sem fjalla um málefni fatlaðra og ferðamál almennt. Akureyrarbær fengi því mjög jáknaða auglýsingu mjög víða, í það minnsta í nágrenni okkar. Þetta myndi stórlega auðvelda kynningu á Akureyri á ýmsum öðrum sviðum t.d. sem ráðstefnubæjar.

6.

Hljós hefur komið að í það minnsta í Evrópu og í Bandaríkjunum er mjög lítið framboð á afþreyingu fyrir blinda og sjónskerta ferðamenn. Fáir virðast sem sagt gera út á þennan markað ef svo má að orði komast. Markaðsáttak Akureyrarbæjar myndi því vekja töluverða athygli á ferðamarkaðinum og upplýsingar um þá möguleika og þjónustu sem í boði er myndi komast auðveldar til skila. Auðveldar og hraðar boðleiðir og greiður aðgangur að markhópnum gerir alla markaðssetningu mun ódýrari en ef verið er að vinna á markaði sem mikil samkeppni ríkir á.

Ég hygg að þessi rök sýni það og sanni að blindir og sjónskertir eru mjög áhugaverður markhópur, en um fram allt góðir gestir sem ánægjulegt er að taka á mót.

Markaðurinn kannaður.

Í upphafi var ákveðið að takmarka þessa markaðskonun við eftirfarandi lönd: Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Þýskaland og Svíþjóð. Könnun þessi var gerð í tveimur áföngum. Í fyrsta lagi var haft samband og þá með heimsóknum á aðalskrifstofur samtakanna í þessum löndum, þar sem hægt var að koma því við. Í öðru lagi var kannað hvernig ferðamálum þessa fólks er háttað og hvaða skipulag er fyrir hendi í þeim efnum. Þá var reynt eftir því sem hægt var að athuga á hvern hátt auðveldast væri að kynna og markaðssetja Akureyrarbæ sem áhugaverðan áfangastað fyrir blinda og sjónskerta. Það skal þó tekið fram að hvorki var fjármagn né nægjanlegur tími til að framkvæma neinar marktækar markaðsrannsóknir, hér var aðeins um frumathuganir að ræða.

Bandaríkin.

Landssamtök blindra í Bandaríkjunum vinna einkum að réttindamálum blindra. Þetta starf felst meðal annars í því að fylgjast með störfum þingsins og setningu laga og reglna er varða málefni blindra og sjónskertra. Félags- tómstunda- og íþróttamál blindra fara nær eingöngu fram í samtökum þeirra í fylkjum landsins, borgum og bæjum. Er hvert félag mjög sjálfstætt og virðist vera frekar lítil samvinna á milli félaganna, nema á sviði íþróttamála. Nokkrar bandarískar ferðaskrifstofur hafa sérhæft sig í að skipuleggja ferðir fyrir fatlaða, þar á meðal blinda og sjónskerta. Yfir 90 % blindra og sjónskertra Bandaríkjamanna hafa hingað til aðeins ferðast innan Bandaríkjanna. Þá eru aðstæður blindra og sjónskertra í Bandaríkjunum mjög misjafnar. Þær mótast alfarið af efnahag einstaklingsins og fjölskyldu hans. Stærsta vandamálið á bandaríska markaðnum er hvað fáir vita um Ísland. Það er því mjög dýrt og viðamikilið að kynna nýjung eins og ferðalög fyrir blinda og sjónskerta til framandi. Óþekkt lands eins og Ísland er í augum flestra Bandaríkjamanna. Það eru því engar efnahagslegar forsendur fyrir því að kynna Akureyri fyrir blindum og sjónskertum Bandaríkjamönnum að sinni. Bandaríkjamarkaður er óhemju stór, ef Akureyrarbær verður áfangastaður fyrir blinda og sjónskerta ferðamenn, þá væru forsendur að kynna þá starfsemi t.d. í New York, þegar hún er komin vel af stað. Helstu tengslin við blinda og sjónskerta í Bandaríkjunum er í gegnum útvarpsdagskrá sem útvarpað er um öll Bandaríkin. Með því að hafa samband við þessa dagskrá er auðvelt að koma skilaboðum áleiðis um gjörvöll Bandaríkin. Eins og áður sagði er þó rétt að biðja með það þangað til að þetta verkefni verður að veruleika. Þessi útvarpsdagskrá heitir:

In Touch Networks
Co. Ed Hicks
sími 212-769-6270
fax 212-769-6266

Bretland.

Samtök blindra og sjónskertra í Bretlandi eru vel virk og skipulögð. Kosturinn við breska markaðinn er að allir vita eitthvað um Ísland og fjölmargir Bretar hafa áhuga á að koma hingað til lands. Ég tel því öruggt að margir blindir og sjónskertir Bretar muni hafa áhuga á að koma til Íslands. Blindir og sjónskertir í Bretlandi eru vanir að ferðast og ferðast þeir ýmist á eigin vegum eða í hópferðum, sem í flestum tilvikum félögin skipuleggja sjálf. Auðvelt er að koma upplýsingum til blindra og sjónskertra í Bretlandi. Þar sem Royal National Institut For The Blind lætur sig tómstundir og félagsmál skjólstæðinga sinna miklu skipta. Auðveldast er að koma upplýsingum áleiðis í gegnum British Blind Sport, sem m.a. hafa skipulagt ferðalög af ýmsum toga. Þessi samtök gefa út tímarit og snældu sem kemur út fjórum sinnum á ári. Þar er að finna flest allt um afþreyingu fyrir blinda og sjónskerta. Tímaritið heitir:

Participation
British Blind Sport
67 Albert Street
Rugby CV 21 2SN.

Þá er rétt að nefna helsta mál gagn Royal National Institute For The Blind. Það heitir:

New Beacon
Co. Ann Lee
224 Great Portland Street
London W1N 6AA
sími 0171-388-1266
fax 0171-388-2034

Bretland er mjög áhugaverður markaður sem auðvelt er að nálgast. Fargjöld eru hagstæð á milli Bretlands og Íslands og á haustin og vorin ætti því að vera hægt að bjóða samtökum blindra og sjónskertra í Bretlandi áhugaverðar ferðir á hagstæðu verði.

Frakkland.

Helsta vandamál á franska markaðnum er hversu mörg samtök blindra og sjónskertra eru starfandi. Þó virðast öflugustu samtökin vera í stærstu borgum landsins, eins og gefur að skilja. Töluverð sérhæfing virðist vera á meðal félaganna og hefur megin áherslan í tómstundastarfinu verið á íþróttir og menningu t.d. hljóðfæraleik. Blindir og sjónskertir í Frakklandi eru vanir að ferðast og þá helst til nágrennalandanna í Evrópu og þá með langferðabilum eða jarnbrautum. Frakkar vita töluvert um Ísland og hafa þeir mikinn áhuga á landi og þjóð. Ég tel þó ekki ráðlagt að hefja neitt markaðsstarf í Frakklandi fyrr en einhver starfsemi hefst á Akureyri. Kynningarstarfið mun taka nokkurn tíma og þarf allt kynningarefni að vera sérútbúið fyrir franska markaðinn. Þegar fram líða stundir mun

franski markaðurinn vera mjög áhugaverður. Hér koma heimilisföng nokkurra samtaka blindra og sjónskertra í Frakklandi:

Croisade Des Aveugles Béarn
101 Rue Trespoey
64000 Pau

G.I.P.A.A.
241 Rue Gambetta
75020 Paris

Horizon Loisirs
10 Rue Simone Weil
75013 Paris

Horizon une Lumiere dans la nuit
2 Rue Adolphe Mion
34000 Montpellier

Dýskaland.

Samtök blindra og sjónskertra í Þýskalandi eru afar vel skipulögð, hér er þó átt við Vestur-Þýskaland sem var. Um þessar mundir er verið að vinna í að endurskipuleggja samtökin á svæðum sem áður tilheyrðu Astur - Þýskalandi. Það vekur athygli hve margir ellilífeyrisþegar eru í þýsku félögunum. Má vera að fjöldi þessa fólks hafi skaðast í seinni heimsstyrjöldinni, en það er þó ekki einhlýtt skýring. Ein ástæðan getur verið sú að áhersla sé lögð á m.a. að hálfu stjórnvalda að allir eða sem flestir blindir og sjónskertir séu félagsbundnir, þó svo að þeir séu komnir á eftirlaunaaldur. Blindir og sjónskertir í Þýskalandi eru ekki óvanir að ferðast, en þá aðallega innan Þýskalands eða til nágrennalandanna og þá í flestum tilfellum með járnbraut eða langferðabílum. Þjóðverjar þekkja vel til Íslands og er mikill áhugi á landi og þjóð í Þýskalandi, enda töluvert fjallað um Ísland í þýskum fjölmiðlum. Auðvelt ætti að vera að fá blindra og sjónskerta þjóðverja til að heimsækja Akureyri. Best væri að leita fanga í Hamborg, en daglega er flógið á milli Íslands og Hamborgar. Samtök blindra og sjónskertra í Hamborg heita:

Blindenverein Hamburg S.V.
Co. J. Fischer - Haus
Louis - Braille - Haus
Holsteinischer Kamp 29
2000 Hamburg.

Danmörk.

Af þeim löndum sem nefnd hafa verið er hvað auðveldast að kynna nýja ferðamöguleika á Íslandi í Danmörku. Forvígismenn samtaka blindra og sjónskertra í Danmörku þekkja vel til aðstæðna á Íslandi, enda hafa íslensku samtökin og þau dönsku haft náið samstarf í áraraðir. Þá hafa blindir og sjónskertir Danir nokkrum sinnum komið hingað og ferðast um landið. Danmörk er því það land sem hægt er að byggja hvað mestar vonir við og án efa munu blindir og sjónskertir í Danmörku hafa töluverðan áhuga á að heimsækja Akureyri.

Dansk Blindesamfund
Thoavej 35
2400 København n.v.

Svíþjóð.

Það á við um Svíþjóð eins og Danmörku að forvígismenn samtaka blindra og sjónskertra þar í landi þekkja vel til aðstæðna á Íslandi. Þá er mikiill áhugi á Íslandi í Svíþjóð og svíar eru vel upplýstir um Ísland - land og þjóð. Samtök blindra og sjónskertra í Svíþjóð er mjög vel upp byggð og allt skipulag starfsins til mikillar fyrirmyndar. Sænsku samtökin Synskadades Riksförbundet reka sérstakt fyrirtæki er heitir:

Almaasa Kursgaard
13791 Vasterhaninge

Þessi stofnun rekur hótel og skóla þar sem haldin eru námskeið af ýmsum toga fyrir blinda og sjónskerta. Stofnunin skipuleggur einnig ferðalög fyrir blinda og sjónskerta. Hafa þau staðið fyrir ferðalögum til ýmissa landa mætti t.d. nefna Frakkland og Indónesíu. Telja má víst að blindir og sjónskertir Svíar hefðu töluverðan áhuga á því að koma til Akureyrar og kynnast þeirri afþreyingu sem yrði í boði.

Aðrir markaðir.

Önnur lönd sem helst koma til greina varðandi kynningu á Akureyri sem áhugaverðs áfangastaðar fyrir blinda og sjónskerta eru fyrst og fremst Noregur og Finnland. Þessar þjóðir þekkja vel til Íslands og samtök blindra og sjónskertra eru vel skipulögð í þessum löndum. Heimilisföng samtakanna í þessum löndum eru:

Norges Blindeforbund
Sporveigatan 10
P.O. Box 5900
HegdeHaugen
0308 Oslo 3.

Finnish Central Federation of the Visually
Handicapped
Makelankatu 50.

Þegar móttaka blindra og sjónskertra ferðamanna hefst á Akureyri skapast frekari möguleikar á að kynna þessa starfsemi víðar. Í því sambandi mætti nefna Kanada og Holland.

Erlendir sérfræðingar heimsækja Akurevri.

Í upphafi var gert ráð fyrir að bjóða nokkrum erlendum blindum og sjónskertum ferðamönnum til Akureyrar og kynna þeim það sem bærinn hefur upp á að bjóða. Frá því var horfið að ráðan þeirra erlendu sérfræðinga sem haft var samband við. Var talið betra að fá til Akureyrar fólk sem þekkir vel þarfir blindra og sjónskertra og hefur skipulagt ferðalög fyrir þessa aðila og ferðast með þeim. Þá var talið nauðsynlegt að þessir sérfræðingar þekktu nokkuð til aðstæðna hér á landi og gætu jafnvel aðstoðað við að markaðssetja Akureyri. Eftir samráð við fagfólk í Bretlandi og Danmörku var ákveðið að bjóða sænsku hjónunum Kjell Högsta og Una Albertsson til Akureyrar. Þau veita Almaasa Kursgaard forstöðu, en þar eru eins og aður hefur komið fram haldin námskeið fyrir blinda og sjónskerta af ýmsum toga. Þá hafa hjónin mikla reynslu í að skipuleggja ferðalög fyrir blinda og sjónskerta og ferðast með þeim. Hafa þau feykilega mikla reynslu í þessum efnum og að auki höfðu þau ferðast um Ísland og voru þau þó nokkuð vel kunnug aðstæðum hér á landi. Kjell og Una dvöldu á Akureyri frá 20. til 22. október, eða í tvo heila daga. Fóru þau m.a. Mývatnshring, skoðuðu Akureyri og nágrenni, hittu bæjarstjórnarmenn, Jakob Björnsson bæjarstjóra, embættismenn og starfsfólk hótela, veitingahúsa og annarra fyrirtækja í ferðabjónustu á Akureyri. Ohætt er að fullyróa að þau hafi á þessum stutta tíma getað gert sér nokkuð góða mynd af Akureyri. Í bréfi sem þau sendu skýrsluhöfundum kemur fram að "Akureyri hefur mikla möguleika sem ferðamannabær". Möguleiki er á að skapa fjölbreytta afþreyingu af ýmsum toga og í nágrenni Akureyrar eru margir áhugaverðir staðir sem kjörið er að heimsækja. Þau leggja mikla áherslu á að mjög hæfir farastjórar, sem eru fræðandi og skemmtilegir, verði fengnir til að fylgja hinum blindu og sjónskertu gestum. Þá hæla þau gæðum veitingahúsanna á Akureyri og segja að maturinn hafi verið afbragðsgóður. Þá leggja þau til að hinir blindu og sjónskertu ferðamenn og raunar allir aðrir ferðamenn sem heimsækja Akureyri fái tækifæri til að skoða íslenskt bóndabýli og kynnast því starfi sem þar fer fram. Svo mörg voru þau orð. Það er okkur sem að þessari undibúningsvinnu standa

mikill styrkur að hafa fengið svo góðar undirtektir frá þessum erlendu sérfræðingum. Þau Kjell Högsla og Una Albertsson lýstu áhuga sínum á því að koma með hóp blindra og sjónskertra til Akureyrar, ef af þessu verkefni verður. Tel ég að það væri mjög lærdómsríkt að fá þau til Akureyrar með hóp til að "taka verkefnið út" ef svo má segja. Væri athugandi hvort ekki ætti að vinna að því að fá þau til að koma með hóp strax næsta vor eða haust.

Hvaða afbrevingu á að bjóða ?

Eins og áður hefur komið fram í skýrslu þessari skiptir hvað mestu máli að hafa nægjanlega og áhugaverða afþreyingu í boði. Vænlegast tel ég að þessi afþreying sé stöðluð þ.e.a.s. að ferðamaðurinn, hver svo sem hann er, geti gengið að því sem vísu hvað í boði sé og að allir ferðamenn sem komi til Akureyrar geti nýtt sér þessa afþreyingu, ekki bara blindir og sjónskertir. Kjell Högsla og Una Albertsson leggja til að dvalartími á Akureyri verði 4 til 5 dagar. Þau telja nauðsynlegt að einnig verði boðið upp á tveggja daga dvöl í Reykjavík. Í samráði við þau var ákveðið að leggja aðal áhersluna á sex þætti:

1.

Skoðunarferð um Akureyri. Gert er ráð fyrir að skoðunarferðin taki hálfan dag. Ferðin gæti endað á kaffihúsinu Vín. Mikil áhersla yrði lögð á að segja frá sögu bæjarins og reynt yrði eftir því sem hægt er að heimsækja eitthvað af fyrirtækjum bæjarins. Þá yrði sundlaugin kynnt sérstaklega. Gert er ráð fyrir að þessi skoðunarferð yrði á fyrsta degi ef um blinda og sjónskerta ferðamenn er að ræða.

2.

Heill dagur færi í ferð til Mývatns. Mikilvægt er að gefa blindum og sjónskertum ferðamönnum kost á að skynja náttúruna á sinn hátt. Í því sambandi mætti nefna að finna kraftinn frá Godafossi, jörðin titrar og það er hávær niður frá fossinum. Að finna friðsældina og skjólið í hrauninu við Mývatn og að finna lyktina af hverasvæðinu í Námaskarði.

3.

Þá leggjum við til að á boðstólum verði heimsókn á íslenskt bóndabýli. Þar yrði ferðafólkinu sagt frá daglegu lífi fólks til sveita og íslenskum landbúnaði. Ferðafólkinu gærist kostur á að skoða dýrin: sauðfé, kýr, hesta, hunda og hænur. Æskilegt væri hafa einfalda íslenska máltíð á boðstólum t.d. skyr, flatkökur með hangikjöti, kaffi og kleinur. Þá væri ekki úr vegi að íslenska ullin væri kynnt, sýnt hvernig lopapeysur eru prjónaðar og nokkrar gerðir hafðar til sýnis. Gert er ráð fyrir að í þessa heimsókn færi hálfur dagur.

4.

Mikilvægur þáttur í heimsókninni yrðu kynni af íslenska hestinum. Farið yrði í útreiðartúr sem tæki um það bil þrjá til fjóra klukkutíma. Þess má geta að á Almaasa stofnuninni er boðið upp á námskeið um íslenska hestinn og er þá ferð í styttri útreiðartúra. Ef um blinda og sjónskerta ferðamenn er að ræða, eða þá eldra fólk er nauðsynlegt að gæta fyllstu varúðar og fara hægt yfir. Til að gera ferðina enn skemmtilegri gæti fararstjórinn haft með segulband og þegar hópurinn stansaði mætti leika af hljóðsnældu hestavísur og rímur. Þar sem hægt er farið yfir er nauðsynlegt að fararstjórinn fræði ferðafólkið um íslenska hestinn og íslenskar þjóðsögur.

5.

Auðvelt er að stunda sjóstangaveiði frá Akureyri, því frekar er veðursælt á Eyjaírið og stutt er að fara. Sjóferðin sjálf er ævintýri en skemmtilegast er þó ef hægt er að veiða einhvern fisk. Á sjónum gefst ferðafólkinu kostur á að kynnast náttúru hafsins, fuglalífínu og lífríki sjávarins. Til að gera ferðina áhrifameiri mætti leggja gildru og veiða fisk í þær eða draga skelfisksplóg stutta stund. Ferðafólkið fengi að kynnast botndýrunum og jafnvel bragða á þeim. Gert er ráð fyrir að þessi ferð tæki 1/2 dag.

6.

Þá væri athugandi hvort ekki væri hægt að skipuleggja ferðir með gúmmibátum niður einhverja ána á Eyjafjarðarsvæðinu. Þessi ferð yrði að vera algjörlega hættulaus og henta fötluðu fólki, öldruðum og börnum. Þess má geta að í Kanada og í Bandaríkjunum eru svona ferðir í boði fyrir blinda og sjónskerta og njóta þær töluverðra vinsælda.

Ýmsa aðra afþreyingu mætti eflaust þróa. Hvað varðar blinda og sjónskerta mætti bjóða upp á fjallgöngu. Þá yrði gengið á eitthvað auðfarið fjall í nágrenni Akureyrar. Kjarni málsins er þó að vanda eins vel og unnt er til þeirrar afþreyingar sem í boði verður og kynna hana rækilega áður en ferðafólkið kemur til Íslands, svo að það viti nákvæmlega hvað sé um að ræða. Heimsóknir á veitingahús bæjarins er snar þáttur í dvölinni á Akureyri. Hugsanlegt væri að eitthvað af veitingahúsunum hefði matseðil á blindraletri. Nauðsynlegt er að auðvelda ferðafólkinu að fara í sundlaugina. Í þeim efnum þarf að gera töluverðar kröfur til starfsfólksins. T.d. er nauðsynlegt að eitthvað af því tali erlend tungumál. Blindir, sjónskertir og eldri ferðamenn þurfa meiri aðstoð og þjónustu en aðrir gestir og þarf starfsfólkið í flestum tilvikum að hafa frumkvæði við að veita hana. Þá viljum við leggja til að komið verði á fót á Akureyri sjálfvirkum símsvara sem ferðafólk getur hringt í og fengið upplýsingur um það sem efst er á baugi í bænum.

Markaðssetning og móttaka.

Einn mikilvægasti þátturinn er varðar þetta verkefni er markaðssetningin. Öll markaðssetning í ferðapjónustu er dýr og er því nauðsynlegt að skipuleggja markaðsstarfið út í ystu æsar. Ég legg til að byrja með að fyrstu fjögur árin verði aðeins unnið á þremur mörkuðum þ.e.a.s. á Norðurlöndunum, Bretlandi og Þýskalandi. Þó verði aðal áherslan lögð á Norðurlöndin. Ódýrast er að vinna á þessum mörkuðum þar sem fólk í þessum löndum þekkir sæmilega vel til aðstæðna hér á Íslandi og auðvelt er að ná til blindra og sjónskertra. Þá er rétt að benda á að árið 1994 voru Norðurlandabúar 23 % erlendra ferðamanna sem komu hingað til lands, og því fjölmennasti hópurinn. Þjóðverjar voru 19 % og Bretar 10 %. Samtals eru þessar þjóðir 62 % erlendra ferðamanna sem hingað koma. Frumatriðið í markaðssetningunni er að senda allar tiltækar upplýsingar til samtaka blindra og sjónskertra í þeim löndum sem markaðsátakinu verður beint að og samtökin í þessum löndum beðin að koma upplýsingum til félagsmanna. Þá yrði að auglýsa í blöðum og á hljóðsnældum, sem samtök blindra og sjónskertra gefa út. Þá tel ég mikilvægt að Akureyrarbær sendi fulltrúa sinn á Ferðamálasýninguna í Gautaborg, sem er ein sú viðamesta sem haldin er á Norðurlöndum. Þar yrði Akureyri kynnt en nöfudáherslan lögð á þjónustuna við blinda og sjónskerta ferðamenn. Eg tel ekki ráðlegt að semja við eina ferðaskrifstofu um að markaðssetja og sjá alfarið um þetta verkefni fyrir Akureyrarbæ. Besti kosturinn er að semja við Flugleiðir þar sem fyrirtækið er með starfsmenn á öllum Norðurlöndunum og í Þýskalandi og á Bretlandi. Skrifstofur Flugleiða í þessum löndum eru í nánum tengslum við ferðageirann og þeir sem þarfnast nánari upplýsinga um ferðir fyrir blinda og sjónskerta til Akureyrar geta því haft samband við söluskrifstofurnar. Þá getur sölufólk söluskrifstofanna dreyft upplýsingum til ferðasala um ferðirnar til Akureyrar og veitt ýmsar frekari upplýsingar ef með þarf. Flugleiðir sægju um að selja ferðirnar til Íslands, flug til Akureyrar og aila þjónustu í Reykjavík. Einfaldast er að Flugleiðir greiddu hótelnunum á Akureyri fyrir gistinguna, en einn aðili á Akureyri sægji um allan akstur, farastjórn og alla afþreyingu. Þessi aðili greiddi svo þeim fyrirtækjum sem sæu um framkvæmd þeirrar afþreyingar sem í boði er t.d. sjóstangaveiði og útreiðatúra. Flugleiðir kaupa svo þessa þjónustu af þeim aðila sem sér um þennan pakka. Spurningin er hinsvegar hvaða aðili á Akureyri ætti að sjá um þennan lið ? Þar sem blindir og sjónskertir þarfnast meiri þjónustu en aðrir ferðamenn þarf einnig að ráða aðstoðarfólk sem sér um að leiða fólkið og veita því ýmsa aðra aðstoð. Einnig þarf að aka þessu fólki nánast allt það sem það fer. Það þarf því að hafa langferðabíl allan tímann meðan dvalist er á Akureyri. Ég geri það að tillögu minni að samið verði við

Sérleyfisbíla Akureyrar til að sjá um þessa þjónustu. Helstu rökin fyrir því að samið verði við þetta fyrirtæki eru fyrst og fremst þau eins og áður sagði að þessir ferðamenn eru mjög háðir því að þeim sé ekið meira en öðru ferðafólki. Akstur er því stór partur í því verði sem greitt er fyrir feðalagið. Þetta fyrirkomulag sem hér hefur verið lýst þarf alls ekki að vera neitt framtíðar módel. Þetta er aðeins einfaldasta leiðin og sú ódýrasta fyrir bæjaryfirvöld á Akureyri. Eftir að reynslutímanum líkur og búið er að koma þessu verkefni vel af stað mun Akureyrarbær að mestu hætta afskiptum sínum af því og fyrirtæki innan ferðageirans á Akureyri taka við.

Innra skipulag á Akureyri.

Á meðan verið er að koma þessu verkefni af stað, á meðan fyrstu skrefin verða stigin, ef svo má að orði komast, legg ég til að framkvæmdir verði alfarið í höndum Akureyrarbæjar. Vitaskuld verður unnið í nánú samstarfi við ferðageirann á Akureyri því færri sem koma að verkefninu í upphafi, þeim mun hraðar ganga framkvæmdir fyrir sig. Vissulega er nauðsynlegt að hafa sem nánast samstarf við alla þá sem tengjast verkefninu á meðan á mótun þess stendur. Þessi skoðun virðist í fyrstu mjög ólýðræðisleg, en reynsian innan ferðageirans, einkum er varðar markaðsstarfið sýnir, að því fleiri sem koma að málinu því lengur tekur að framkvæma hlutina og þeim mun þunglamalegri verða allar ákvarðanatökur. Ég vil þó undirstrika að við fyrsta tækifæri á að fá fyrirtækin sem koma að þessari markaðssetningu og allri framkvæmd á Akureyri til að taka við öllu því starfi sem í upphafi er unnið af Akureyrarbæ. Ef bæjarstjórn Akureyrar ákveður að hefja framkvæmdir varðandi móttöku blindra og sjónskertra ferðamanna, legg ég til að sett verði á laggirnar fjögurra manna framkvæmdanefnd. Í henni eigi sæti bæjarfulltrúi, sem jafnframt verður formaður nefndarinnar, atvinnumálafulltrúi Akureyrarbæjar eða framkvæmdastjóri Upplýsingamiðstöðvar Eyjarjarðar, þriðji fulltrúinn gæti t.d. verið bæjarfulltrúi minnihluta eða embættismaður sem fjallaði um umhverfis- eða félagsmál og svo verkefnisstjóri, það er sá aðili sem sér um allar framkvæmdir á vegum nefndarinnar.

Starfsáætlun framkvæmdanefndarinnar.

Í grófum dráttum yrði helsta verkefni nefndarinnar að gera úttekt á þeirri afþreyingu sem í boði yrði, gæðum hennar, verðlagningu og aðlögun að þörfum blindra, sjónskertra og aldraðra. Annar mikilvægur þáttur starfsins yrði undirbúningur námsskeiðahalds fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu, sem helst myndi sjá um þjónustu fyrir blinda og sjónskerta ferðamenn. Þriðji þáttur nefndarstarfsins yrði í samvinnu við fyrirtæki í

ferðageiranum, að láta vinna upplýsingar og kynningarefni sem sent yrði út. Í fjórða lagi myndi nefndin skipuleggja kynningarátak sem beindist að því að gera alla íbúa Akureyrar að góðum gestgjöfum. Markmiðið er að fá íbúana til að taka tillit til hinna erlendu gesta, aðstoða þá eftir fongum t.d. með því að segja þeim til vegar, aðstoða með að komast yfir götur og taka þá tali og segja frá bænum. Flestir blindir og sjónskertir nota hvítan þreifistaf til að komast áfram. Það getur verið hættulegt ef bifreiðum er lagt upp á gangstéttir, fólkíð hreksst þá út á götuna. Þetta eru smáatriði sem auðvelt er að laga. Þá þarf að hvetja alla þá sem vinna þjónustustörf að vera vel á verði og veita eins lipra og góða þjónustu og unnt er. Þetta kynningarátak yrði unnið í samvinnu við fjölmiðla á Akureyri, samtök verkalyðs og atvinnurekendur. Bæklingur um þetta efni yrði sendur inn á hvert heimili á Akureyri. Þetta yrði í fyrsta sinn í sögu ferðapjónustu á Íslandi þar sem allir íbúar eins bæjarfélags yrðu gestgjafar. Þá myndi þetta átak auðvelda mjög að markaðssetja Akureyri. Í fimmta lagi myndi nefndin sjá um samningagerð við Flugleiðir og Sérleyfisbíla Akureyrar. Í sjötta lagi myndi nefndin hafa frumkvæði að og sjá um heimsókn fyrsta hóps ferðamanna til Akureyrar haustið 1996. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum um áramótin 1996 - 97. Þá tæki við önnur nefnd og yrði hún þá skipuð fulltrúum fyrirtækja í ferðapjónustu á Akureyri. Akureyrarbær ætti þó einn fulltrúa í nefndinni.

Aldraðir ferðamenn koma til Akureyrar.

Athuganir mínar hafa sýnt að sú þjónusta og afþreying sem boðin yrði blindum og sjónskertum ferðamönnum hentar einnig öldruðum ferðamönnum einkar vel staðreyndin er sú að flestir blindir og sjónskertir eru komnir yfir miðjan aldur. Ellilífeyrisþegum fjölgar stöðugt. Það verður æ algengara í nágrannalöndunum að fólk sem er 60 ára fari á eftirlaun. Kannanir í Svíþjóð og í Þýskalandi hafa sýnt að tíðni ferðalaga eykst hvað mest hjá eldri borgurum þ.e.a.s. fólk sem komið er yfir sextugt. Hér er um feykilega stóran markhóp að ræða, sem auðvelt er að nálgast. Það yrði sáralítill kostnaðarauki að beina áttakinu einnig til þessa hóps. Verkefnið hétu því blindir, sjónskertir og aldraðir ferðamenn heimsækja Akureyri. Bæjaryfirvöld á Akureyri verða þó að ræða þessa tillögu frekar.

Helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður þessarar könnunar minnar eru:

* Mjög góð aðstaða er til að taka á móti blindum og sjónskertum ferðamönnum á Akureyri. Hótel bæjarins eru fjölbreytt og þægileg

ferðamannahótel. Hentugustu hótelin fyrir blinda, sjónskerta og aldraða eru þó Hótel KEA og Hótel Harpa Kjarnarskógi.

* Auðvelt er að þróa margskonar afþreyingu fyrir blinda, sjónskerta og aldraða ferðamenn á Akureyri og í nærsveitum.

* Einfaldast er að markaðssetja Akureyri sem áhugaverðan áfangastað fyrir blinda og sjónskerta á Norðurlöndum, Þýskalandi og í Bretlandi.

* Rétt er að markaðssetja Akureyri einnig sem áhugaverðan áfangastað fyrir eldri borgara. Sú afþreying sem passar blindum og sjónskertum ferðamönnum hentar einnig eldri ferðamönnum.

* Um leið og Akureyri verður kynnt blindum, sjónskertum og eldri ferðamönnum er rétt að koma almennu upplýsingum á framfæri við erlenda ferðasala. Áhersluna mætti t.d. leggja á Akureyri sem ráðstefnubæ. Höfuðáhersluna skal þó leggja á þá afþreyingu sem í boði verður.

* Auðveldast er að Flugleiðir sjái um sölu ferðanna til Akureyrar. Samið verði við eitt fyrirtæki til að sjá um allan akstur, leiðsögn, aðstoðarfólk og afþreyingu. Eg legg til að gengið verði til samninga við Sérleyfisbíla Akureyrar.

Framkvæmdir á Akureyri.

Ekki þarf að ráðast í neinar stærri framkvæmdir á Akureyri. Skulu þó nokkur atriði dregin fram sem rétt væri að kanna hvort ekki væri hægt að framkvæma næstu 18 mánuðina.

* Akureyrarbær beinir því til þjónustufyrirtækja á Akureyri að auðkenna dyr og tröppur með skærum litum til að auðvelda sjónskertum að komast leiðar sinnar.

* Akureyrarbær beiti sér fyrir því að opnaður verði símsvari á Akureyri sem ferðafólk geti hringt í og fengið upplýsingar um það sem er efst á baugi í bænum, og ýmsar aðrar upplýsingar sem kunna að koma ferðafólki að gagna. Þessar upplýsingar þurfa að vera á í það minnsta þremur tungumálum. Upplýsingamiðstöð Eyjafjarðar gæti rekið þennan upplýsingasíma. Upplýsingar um símanúmerið yrði kynnt á þeim stöðum þar sem ferðamenn venja helst komur sínar, og á áberandi skilti við allar helstu leiðir inn í bæinn.

* Akureyrarbær hafi frumkvæði að því að láta framleiða myndband sem yrði 15 mínútur að lengd þar sem þjónusta og afþreying, sem í boði er á Akureyri yrði kynnt. Höfuð áherslan yrði lögð á alla þá kosti sem Akureyri hefur upp á að bjóða sem smábær, t.d. engin mengun, engir glæpir og að stutt sé til helstu náttúruperla Íslands. Þá yrði sú afþreying sem í boði er kynnt, sumar, vetur, vor og haust. Einnig yrði bent á að mun meiri þjónusta sé á Akureyri en í bæjum af svipaðri stærð erlendis. Þar séu mörg góð veitingahús, skemmtistaðir og ýmis þjónustufyrirtæki. Myndband þetta er ekki ætlað ferðafólki, heldur erlendum ferðasölum.

* Akureyrarbær lætur gera í samvinnu við fyrirtæki í ferðageiranum "Manual" handbók eða skrá fyrir erlenda ferðasala. Í þessari skrá yrði að finna allar þær upplýsingar sem erlendir ferðasalar þurfa á að halda.

* Akureyrarbær hefur frumkvæði að því að kanna hvort ekki sé hægt í samvinnu við nágrannafélögin, samtök bænda og fyrirtæki innan ferðageirans að reisa eða endurbyggja bóndabýli í nágrenni Akureyrar. Þar væri sýndur íslenskur landbúnaður og höfð þau húsdýr sem algengust eru hér á landi. Á bænum yrðu seldar léttar veitingar og þá höfuð áherslan lögð á íslenskan mat. Þetta býli hefði mikið aðdráttarafl fyrir erlenda sem og innianda ferðamenn og þá ekki síður skólabörn.

* Akureyrarbær heldur námskeið eða beitir sér fyrir að haldið verði námskeið fyrir starfsfólk í ferðaiðnaðinum um þjónustu við blinda, sjónskerta og aldraða ferðamenn.

* Frekari framkvæmdir við sundlaugina myndu styrkja mjög þjónustuna við ferðamenn á Akureyri. Athugandi væri hvort mögulegt sé að byggja við sundlaugina viðbótarbyggingu þar sem hægt væri að hafa leirböð, aðstöðu fyrir nuddara og líkamsræktarstöð. Þessa aðstöðu væri hægt að leigja sjálfstæðu fyrirtæki sem sæi um reksturinn. Bærinn fengi því nokkrar leigutekjur.

Kostnaður.

Á þessu stigi er afar arfitt að segja til um hvað þetta verkefni mun kosta Akureyrarbæ, verði í það ráðist. Spurningin er hvort fyrirtæki á Akureyri muni taka þátt í að fjármagna þetta markaðsátak. Verði verkefnisstjóri ráðinn í hlutastarf árið 1996 má telja að sá kostnaður sé á bilinu 1 - 1.2 miljónir. Kostnaður við gerð kynningarmyndbands og handbókar fyrir erlenda ferðasala yrði að einhverju leiti greiddur af fyrirtækjum innan ferðageirans á Akureyri. Heildarkostnaður við þessi tvö verkefni er líklegast um kr. 900.000. Kostnaður við stofnun og rekstur

upplýsingasíma fyrir ferðamenn yrði líklegast um það bil 25 til 30.000 krónur á mánuði. Átak sem kalla mætti "Góðir gestgjafar" gæti kostað á bilinu 300 til 350.000. Þessi upphæð er þó mjög á reiki því leitað yrði til fyrirtækja á Akureyri til að styrkja þetta átak. Mestur kostnaður yrði við gerð bæklings sem sendur yrði inn á öll heimili á Akureyri. Eins og áður sagði eru töluverðar líkur á að fyrirtæki og stofnanir muni taka þátt í að fjármagna þetta verkefni. Kostnaður við gerð upplýsingaefnis er ekki hægt að ákveða á þessu stigi málsins. Sá kostnaður ákvarðast fyrst og fremst af þátttöku fyrirtækja í ferðapjónustu á Akureyri og fyrirtækja sem koma að þessu verkefni á einn eða annan hátt. T.d. mætti nefna Flugleiðir í því sambandi. Nú þegar hafa verið eyrnamerkta 250.000 krónur til gerðar á upplýsingaefni fyrir blinda og sjónskertra ferðamenn. Þó munu þeir aðilar sem sjá um atþreyingarþáttinn vitaskuld taka þátt í að fjármagna gerð upplýsinga- og kynningarefnis um þá þjónustu sem boðið verður upp á.

Framkvæmdaáætlun næstu þrjú árin.

Eins og áður hefur komið fram í skýrslu þessari er lagt til að nefnd á vegum Akureyrarbæjar muni sjá um framkvæmd verkefnisins á næsta ári 1996. Í byrjun árs 1997 mun ný nefnd taka við og yrði hún þá að meirihluta skipuð fulltrúum þeirra fyrirtækja sem kæmu nálægt móttöku blindra, sjónskertra og mögulega aldraðra ferðamanna. Akureyrarbær ætti þó fulltrúa í nefndinni. Árið 1998 ætti þetta verkefni að vera komið það vel af stað að ekki ætti að gerast þörf á að sérstök nefnd yrði starfrækt. Kosninga- og upplýsingastartíð yrði þá unnið af einhverri stofnun eða fyrirtæki á Akureyri t.d. Upplýsingamiðstöð Eyjafjarðar. Ég legg ríka áherslu á að til að byrja með verði markaðssókninni fyrst og fremst beint að Norðurlöndunum og í öðru lagi að Bretlandi og Pýskalandi. Nauðsynlegt er þó að senda strax og verkefnið fer af stað upplýsingar um það til ýmissa alþjóðastofnanna og stofnanna í Evrópu. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna eftirfarandi samtök.

Evrópusamtök blindra og sjónskertra:

European Blind Union
58 Avenue Bosquet
75007 Paris

Þá eru starfandi tvö heimssambönd Öryrkja:

Rehabilitation International
25 E 21 St. New York
NY 10010
U.S.A.

Disabled Peoples International
Kyunnus - Threshold
Lonnrotinkatu 9 D 14
Fin - 00120 Helsinki
Finland

Innan ferðageirans er rétt að hafa samband við þessar stofnanir:

World Tourism Organization
Capitán Haya 42
28020 Madrid

European Travel Commission
2 Rue Linois
75015 Paris

World Travel And Tourism Council
181 Chaussée De LA Hulpe
1170 Brussel.

Lokaorð.

Í þessari skýrslu hefur verið fjallað um þá möguleika sem eru á Akureyri til að taka á móti blindum og sjónskertum ferðamönnum. Komið hefur í ljós að einnig eru góðir möguleikar á að stækka verkefnið án mikils tilkostnaðar. Hér er átt við að hafin yrði móttaka á eldri borgurum þ.e.a.s. fólki sem er 60 ára og eldra eða komið á eftirlaun. Þarfir blindra, sjónskertra og eldri borgara eru svipaðar og sú afþreying sem í boði yrði passar báðum þessum markhópum. Þegar atvinnumálanefnd og bæjarstjórn Akureyrar ræða um hvort ráðast eigi í þetta verkefni, ætti þá einnig að ræða þann möguleika hvort stækka eigi verkefnið og beina því einnig að eldri borgurum. Sem betur fer eru blindir og sjónskertir frekar fáir hér á landi. Innlendi markaðurinn er því ekki stór, hinsvegar fjölgar eililífeyrisþegum hér á landi eins og allstaðar í hinum vestræna heimi. Eililífeyrisþegar yrðu mjög sterkur markhópur hér á heimamarkaði. Bæjarstjórn Akureyrar hefur þrjá valkost varðandi þetta verkefni. Þeir eru:

1.

Að hefjast handa og kynna Akureyri fyrir blindum og sjónskertum, mögulega einnig eldri borgurum. Móttaka fyrstu gestanna gæti hafist haustið 1996.

2.

Að fara ekki út í þetta verkefni heldur beina kröftunum í aðrar áttir.

3.

Að fresta ákvörðun um hvort ráðast eigi í þetta verkefni eða hefja framkvæmdir síðar.

Ef ráðist verður í þetta verkefni þá hefur verið gengið út frá að þessir ferðamenn kæmu hingað til lands utan hins venjulega ferðamannatíma þ.e. í maí og september mögulega fram til 15. október. Ég hygg þó að ekki verði hjá því komist að einnig verði að taka á móti þessu ferðafólki yfir aðalferðamannatímamann. Margir blindir og sjónskertir eru í fullri vinnu og eiga þeir þá sumarfrí á ákveðnum tíma, flestir í júlí og ágúst. Kannanir mínar hafa sýnt að hægt væri að fjölga ferðamönnum á Akureyri fyrstu vikurnar í júní og eftir miðjan ágúst. Eitt af markmiðum þess að kynna Akureyri sem sveitarfélag er hefur lagt ríka áherslu á að bjóða blinda, sjónskerta og mögulega eldri ferðamenn sérstaklega velkomna er að skapa jákvæða ímynd af bænum erlendis og innan alþjóðastofnanna. Þetta verkefni mun án efa vekja athygli á meðal sveitastjórnamanna í nágrennalöndum okkar. Þessi umfjöllun mun að öllum líkindum hafa þau áhrif að samtök blindra, sjónskertra og eldri borgara, auk ýmissa annarra samtaka og stofnanna munu líta á Akureyri sem vænlegan stað til að halda ráðstefnur og fundi. Það er því rétt að nota tækifærið þegar verið er að kynna Akureyri innan áður nefndra markhópa að kynna bæinn einnig sem áhugaverðan funda- og ráðstefnustað. Ráðstefnur og fundi má halda alla mánuði ársins og ekki sist á veturna þegar öll verð t.d. á flugi og gistingu eru í lágmarki. Þá má fullyrða að þetta kynningarátak mun einnig laða að sér "venjulega" ferðamenn, enda mun sú afþreying sem verður á boðstólum henta öllum. Ferðaiðnaðurinn er heillandi atvinnugrein sem býður upp á ótal möguleika. Hér hefur aðeins verið fjallað um eina leið, ýmsir aðrir möguleikar eru fyrir hendi. Ástæðan fyrir því að hér hefur aðeins verið fjallað um einn þátt þ.e.a.s. móttöku blindra og sjónskertra og mögulega eldri ferðamanna er að auðvelt er að nálgast þessa markhópa og hægt er að bjóða þessu fólki spennandi afþreyingu sem hentar því einstaklega vel. Kjarni málsins í íslenskri ferðapjónustu í dag er að skapa áhugaverða afþreyingu þar sem t.d. hótél og samgöngutæki eru til staðar. Með því að beina kröftunum að þröngum markhópum og bjóða afþreyingu sem nú þegar er til, en þarf aðeins að þróa frekar og aðlagga, er verið að spara og fullnýta fjármagn og tíma, frekari líkur eru því á að viðunandi árangur náist.

Reykjavík 26. nóvember 1995.

Sigmar B. Hauksson.

Heimilisföng, síma- og bréfsímanúmer:

Dansk Blindesamfund
Thoravej 35
2400 København NV
Danmark
sími 00 45 3 119 88 44
fax 00 45 3 833 11 37

Norges Blindeforbund
Sporveisgatan 10
P.O.Box 5900
Hegdehaugen
0308 Oslo 3
Norge
sími 00 45 22 466 990
fax 00 47 22 564 047

Synskadades Riksförbund (SRF)
Sandsborgsvagen 52
12288 Enskede
Sverige
sími 00 46 8 399 000
fax 00 46 8 399 322

Kjell Högsta
Una Albertsson
Almaasa Kursgaard
137 91 Vasterhaninge
Sverige
sími 08 500 40480
fax 08 500 40135

Finnish Central Federation of the Visually Handicapped
Makelankatu 50
SF-00510 Helsingfors 51
Finland
sími 00 358 0 396 041
fax 00 358 0 39604200

J. Fischer
Blindenverein Hamburg e.V.
Louis-Braille-Haus
Holsteinischer Kamp 29
2000 Hamburg 76
sími 00 040 29 15 25
fax 00 040 29 15 28

European Blind Union (EBU)
c/o Mokrane Boussaid, Director
58 Avenue Bosquet
75007 Paris
sími 00 33 1 47 05 38 20
fax 00 33 1 47 05 38 21

Rehabilitation International (RI)
25 E 21st St. New York,
NY 10010
U.S.A:
sími (212) 420-1500
fax (212) 505-0871

Disabled Peoples International (DPI)
Chairman Kalle Könkköla
Kynnus-Threshold Lonnotinkatu 9 D. 14
Fin - 00120 Helsinki
Finland
sími 358 0 160 4313
fax 358 0 160 4372

World Tourism Organization
Capitán Haya 42
28020 Madrid
sími 571 06 28
fax 571 37 33

European Travel Commission
2 rue Linnis
75015 Paris
sími 33 1 44 37 37 93
fax 33 1 44 37 38 29

World Travel & Tourism Council (WTTC)
181 Chaussée de la Hulpe
1170 Brussel
sími 32 2 6602067
fax 32 2 6609170

Efnisyfirlit:

Inngangur.....	bls. 1
Staðan í dag 1995.....	bls. 1
Blikur á lofti.....	bls. 2
Akureyri.....	bls. 2
Aðferðir til árangurs.....	bls. 3
Góðir gestir.....	bls. 4
Markaðurinn kannaður.....	bls. 6
Bandaríkin.....	bls. 6
Bretland.....	bls. 7
Frakkland.....	bls. 7
Pýskaland.....	bls. 8
Danmörk.....	bls. 9
Svíþjóð.....	bls. 9
Aðrir markaðir.....	bls. 9
Erlendir sérfræðingar heimsækja Akureyri.....	bls. 10
Hvaða afþreyingu á að bjóða ?.....	bls. 11
Markaðssetning og móttaka.....	bls. 13
Innra skipulag á Akureyri.....	bls. 14
Starfsáætlun framkvæmdanefndarinnar.....	bls. 14
Aldraðir ferðamenn koma til Akureyrar.....	bls. 15
Helstu niðurstöður.....	bls. 15
Framkvæmdir á Akureyri.....	bls. 16
Kostnaður.....	bls. 17
Framkvæmdaáætlun næstu þrjú árin.....	bls. 18
Lokaorð.....	bls. 19
Heimilisföng síma- og bréfsímanúmer.....	bls. 21-23
Efnisyfirlit.....	bls. 24